

Nd. **498. Frumvarp til laga** [231. mál]
um breyting á lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113
29. des. 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

4. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Lögmætur hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð, og skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningunni í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka.

2. gr.

5. gr. orðist þannig:

Stjórn félagsins skipa 5 menn.

Iðnaðarmálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn, til eins árs í senn. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir á árlegum aðalfundi af öðrum hluthöfum en ríkissjóði. Varastjórn skal skipuð og kjörin á sama hátt.

3. gr.

6. gr. orðist þannig:

Stjórnin ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra og ráðningarkjör og setur þeim erindisbréf.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 30 18. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113/1951, var hámark hlutafjár ákveðið 6½ millj. króna, og var það ákvæði óbreytt þar til á síðasta ári. Aðalfundur Iðnaðarbanka Íslands h/f árið 1961 samþykkti einróma óskir um, að hlutafjárhámarkið yrði hækkað. Var það gert með lögum nr. 30 18. apríl 1962 og hlutafjárhámarkið ákveðið 10 millj. króna.

Á aðalfundi Iðnaðarbankans, sem haldinn var 2. júní 1962, var samþykkt að neyta heimildar hinna nýju laga til aukningar hlutafjár. Jafnframt var samþykkt tillaga þess efnis að skora á iðnaðarmálaráðherra að beita sér fyrir, að ákvæðið um hámark hlutafjár yrði fellt niður úr lögnum og lögum hluthafafundi heimilað að ákveða aukningu hlutafjár, eftir því sem ástæður þættu til. Í ljós hefur komið, er sá hluti hlutafjárukningarinnar, sem forkaupsrétthafar ekki neyttu réttar síns til að kaupa, var boðinn út innan samtaka iðnaðarins, að eftirspurn var meiri en unnt var að fullnægja, miðað við núgildandi hámarksákvæði hlutafjár. Forráðamenn Iðnaðarbanka Íslands h/f telja með réttu, að bankanum sé styrkur í að sem flestir í iðnaðarstétt séu hluthafar og hafa eindregið áréttað samþykkt síðasta aðalfundar hlutafélagsins um afnám hámarksins.

Rétt er í þessu sambandi að drepa á, að samkvæmt lögum um Verzlunarbanka Íslands h/f og lögum um Samvinnubanka Íslands h/f er aðeins ákveðið lágmark hlutafjár, sbr. 2. gr. laga nr. 46 19. júní 1960 og 2. gr. laga nr. 46 21. apríl 1962. Hámark hlutafjár er hins vegar ekki tiltekið í lögnum og geta því hlutafélagin sjálf ráðið því, eftir almennum reglum.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir rétt að verða við tilmælum aðalfundar Iðnaðarbankans um breytingu þá, er hér um ræðir.

Um 2. gr.

Er bankinn tók til starfa, nam hlutafé ríkissjóðs 3 milljónum króna, eða liðlega 46% hlutafjár. Eftir hlutafjárukninguna, sem ákveðin var á aðalfundi félagsins 1962, samkvæmt heimild í lögum nr. 30/1962, ákvað ríkisstjórnin að neyta forkaupsréttar til að auka hlutafjáreign ríkissjóðs um eina milljón króna og var fé veitt til hlutabréfakaupanna í 20. gr. Út, XXXIV fjárl. 1963. Hlutafjáreign ríkissjóðs nemur því réttum 40% hlutafjár, miðað við núgildandi hámark.

Ríkissjóður hefur allt frá upphafi ráðið kjöri tveggja stjórnarmanna, en ekki neytt atkvæðamagns til að hafa frekari áhrif á stjórnarkjör, þótt jafnan hefði verið unnt. Er talið eðlilegt, að sömu hlutföll haldist áfram innan stjórnar bankans, þótt hámarksákvæði hlutafjár yrðu afnumin og liggur þá beinast við að kveða fortaks-laust á um það, að ríkissjóður skipi tvo stjórnarmanna og tvo til vara, svo sem gert er hér.

Bankaráð Iðnaðarbanka Íslands h/f hefur fyrir sitt leyti fallizt á þessa skipan.

Um 3. gr.

Samkvæmt orðalagi 6. gr. laga nr. 113/1951 er ljóst, að þar er aðeins gert ráð fyrir, að einn bankastjóri sé við bankann.

Á aðalfundi Iðnaðarbankans 1962 voru samþykkt tilmæli um breytingu á framan- greindu ákvæði, í þá átt, sem hér er lagt til. Er talið nauðsynlegt vegna aukinna starfa og vaxtar bankans að takmarka ekki tölu bankastjóra hans með lögum. Má benda á, að nú eru, auk bankastjóra, starfandi tveir aðstoðarbankastjórar við Iðnaðarbankann.

Rétt þykir, þar sem Iðnaðarbanki Íslands h/f er einkabanki, enda þótt ríkissjóður eigi þar hlut að, að heimila bankaráði að ákveða tölu bankastjóra, eftir því sem bankaráð telur henta starfseminni sem bezt hverju sinni.

Um 4. gr.

Þar sem fjallað er tæmandi um efni laga nr. 30/1962 í 1. gr. frv., er lagt til, að þau lög falli úr gildi, ef frv. þetta verður að lögum.